

**Nd.**

**271. Þingsályktun**

um, að ríkisstjórninni sé heimilt að styrkja Vestmannaeyjakaupstað til kaupa á dýpkunartækjum.

(Afgreidd frá Nd. 2. des.).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota það, sem eftir er ónotað af fjárveitingu samkv. lögum nr. 58 19. maí 1930, og veitt var til dýpkunar á innsiglingu, fullnaðarviðgerðar hafnargarðanna o. fl. í Vestmannaeyjahöfn, til þess að styrkja Vestmannaeyjakaupstað til kaupa á dýpkunartækjum fyrir höfnina. Skilyrði fyrir styrkveitingu þessari eru þau:

1. að þau ein dýpkunartæki verði keypt, er auðvelt sé að flytja hafna á milli.
2. að ríkisstjórnin hafi umráð yfir tækjunum til notkunar við önnur mannvirki, gegn hæfilegri leigu, þegar þau eru ekki í notkun í Vestmannaeyjum.